

Börkur Sigurbjörnsson

Samfélagið og ég

örsaga



Urban Volcano

Samfélagið og ég

Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2024


<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/4.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson

Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efninu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



SAMFÉLAGIÐ OG ÉG

„Gætirðu skýrt það út fyrir mér hvernig þessi kassi af Ferrero Rocher súkkulaði endaði í vasanum hjá þér?“ hreytti öryggisvörðurinn í mig þar sem ég sat hreyfingarlaus með hendur í skauti á óþægilegum stólkolli í horni skrifstofunnar sem hann hafði til umráða. Rödd hans var hálf-kæfð vegna núningins sem hljóðbylgjurnar áttu í mesta basli við að sigrast á á ferðalagi sínu í gegnum þykkt efnið í hágæða andlitsgrímunni sem huldi neðrihluta andlits hans og dró vafalítið úr þeim dramatísku áhrifum sem hann hafði haft í huga með ræðu sinni—ekki ósvipað þeim hljóðdeyfingar áhrifum sem fiðurkoddur hefur á

byssuskot eins og við sjáum svo oft í kvikmyndunum. „Áttar þú þig á því að búðarhnúpl er ekki einungis glæpur gegn þessari ágætu verslanakeðju? Svo sannarlega ekki. Það er glæpur gegn samfélaginu í heild sinni. Það er árás á grunngildi þjóðfélags okkar. Traust. Það er fólk eins og þú sem eyðir traustinu sem ríkir einstaklinga á milli í þessum heimi.“

Ég leit upp til hans og yppti öxlum án þess að svara honum upphátt. Ég hafði engu að bæta við hans heimspekilegu greiningu á mannkyninu og samskiptum þess í milli. Það hefði ekkert upp á sig. Hann myndi hvort sem er ekki skilja mig. Þeir gerðu það aldrei, hans manngerðir. Eða hvaða manngerð sem er, ef út í það var farið. Hann myndi ekki skilja að frá mínum sjónarhóli séð—frá mínu heimspekilega vinkli, ef hann kysi að halda samræðunni á svo háu stigi—þá var gjörðum mínum alls ekki beint gegn samfélaginu. Þvert á móti. Þær voru augljóslega mótaðar af téðu samfélagi. Það var ekki ég sem var að brjóta niður samfélagssáttmálann. Það var samfélagssáttmálinn sem var að brjóta mig niður—þröngva mér út í horn.

Hefði samfélagið ekki krafist þess að ég setti upp andlitsgrímu áður en ég gengi inn í stórmarkaðinn þá hefði ekki skotið niður í kalli mér þeirri dæmigerðu bíómyndasenu þar sem bankaræningi setur á sig lambhúshettu áður en hann fer inn í bankann. Og þegar orsök lætur á sér kræla þá er afleiðing sjaldnast langt undan. Spurðu bara Anton Chekhov—jafnvel þótt hann myndi réttilega saka þig um að nota hans orð í röngu samhengi. Málið er að atburðarásin í held sinni var aldrei undir minni stjórn. Það var samfélagið og þess sáttmáli sem fékk mig til þess að líða eins og bankaræningja. Þegar samfélagið

fær mig til að líða eins og bankaræningja þá fær það mig til þess að langa að ræna banka. Og ef ekki banka, þá að minnsta kosti konfektkassa. Flóknara var það nú ekki. Ég var samt sem áður viss um að hann myndi ekki skilja það.

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano